

4. árg. 2. tbl

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

sept. 1999

Frá formanni

Að loknum sumarfríum og þegar haustið gengur í garð fer útskurðarfólk að taka meira til hendinni við handverkið og margir fara á námskeið í tréskurði.

Stjórn félagsins hefur haldið nokkra stjórnarfundir og rætt starfsemi félagsins. Aðalfundur félagsins er framundan. Tvo fræðslukvöld hafa verið ákveðin fyrir jól. Starfsemin verður ekki frábrugðin því sem verið hefur. Undirbúningur að stóru vorsýningunni árið 2000 verður í vetur og verður yfirskrift hennar frá landnámi til kristnitöku. Þess er vænst að hún verði fjölbreytt og vel til hennar vandað. Eru félagsmenn hvattir til að vinna að fallegum munum í vetur fyrir sýninguna.

Þá eru félagsmenn enn fremur hvattir til að senda efni í blað félagsins, Brynið og koma með hugmyndir um fjölbreyttara félagsstarf. Mætum öll á aðalfund félagsins og ræðum starfsemi og framtíð félagsins. Minnt er á, að áhugamannafélag verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru.

Með kveðju, Vilhjálmur Siggeirsson

Sýning á útskornum fuglum

Sýning á útskornum fuglum Einars Vigfússonar stendur enn yfir í anddyri Norræna hússins, en henni lýkur 21. september n.k. Norræna húsið er opið daglega kl. 9:00-18:00, nema á sunnudögum kl. 12:00-17:00.

Einar Vigfússon er frá Árborg í Manitoba. Hann var fimmtugur er hann sá fyrst útskorna fugla og vaknaði þá áhugi hjá honum að læra þessa tækni. Einar hefur unnið til margra verðlauna og kennir útskurð í heimabæ sínum. Hann notar tré, lindivið (basswood), sem vex í Manitoba. Fyrst teiknar hann prófil fuglsins á viðinn, tálgar hann svo til með ýmsum eggjárnnum og notar brennipenna til að fá allar útlínur. Að lokum er fuglinn málaður með olíu-eða akrýllitum. Einar dvaldi nýlega hér á landi í nokkrar vikur og hélt námskeið m.a. á Hófsósi.



Aðalfundur FÁT 25.9.1999

Þór Magnússon, þjóðminjavörður kemur á fundinn.

Aðalfundur félags Áhugamanna um tréskurð verður haldinn á **Hótel Scandia (Loftleiðum) sunnudaginn 25. september kl. 16:00**. Þetta er fimmti aðalfundur félagsins. Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf og kosning stjórnar fyrir næsta starfsár. Þór Magnússon, þjóðminjavörður kemur á fundinn til okkar og heldur erindi og ræðir við okkur um íslenskan tréskurð frá fyrri tímum.

Látum okkur ekki vanta á þetta fróðlega erindi.

Stóra vorsýningin árið 2000

Landnám - Kristnitaka

Stefnt er að mjög veglegri vorsýningu á árinu 2000, sem er 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi og verður hún væntanlega haldin í safnaðarheimili Háteigskirkju. Yfirskrift sýningarinnar er "frá landnámi til kristnitöku". Mælt er með því við félagsmenn og þeim er að tréskurðarnámskeiðum standa að huga að viðfangsefnum er snerta þetta efni til að sýna í vor. Efnið er skilgreint vítt, þannig að allir eiga að geta fundið verkefni og hentugar útfærslur við sitt hæfi.

Þá hefur verið rætt um hvort mögulegt sé að fá lánaða útskorna muni eftir þekktu íslenska tréskera frá fyrri tíð og verk eftir núlifandi myndskurðarmeistara. Það myndi auka enn frekar fjölbreytni sýningarinnar. Mjög gott væri að félagsmenn kæmu í þessi sambandi hugmyndum og ábendingum til sýningarnefndar.

Ian Norbury

Hinn kunnri breski tréskurðarmeistari Ian Norbury kom nýlega til landsins öðru sinni og hélt tvö námskeið. Þátttaka var ágæt og stóð félagsmaður okkar, Jón Adólf Steinólfsson fyrir komu hans að þessu sinni.

Dagskrá haustsins - fræðslufundir

Fyrir utan erindi Þórs Magnúsonar, þjóðminjavarðar á aðalfundinum verða eftirfarandi fræðsluerindi í haust:

I. Brýningarkvöld og spjall

Þar sem margir misstu af brýningarkynningunni í vor, var ákveðið að verða við þeim óskum að endurtaka hana. Félagsmönnum gefst kostur á að koma með skurðjárn sín og læra að brýna þau á einfaldan máta, án þess að nota smergel né önnur vélverkfæri. **Bjarni Þór Kristjánsson** ætlar að leiðbeina félagsmönnum sem fyrr. Óskað er eftir að þátttaka verði tilkynnt svo hægt verði að koma með brýnslutól fyrir alla. Efnisgjald þarf að greiða, en verður mjög í hóf stillt. Þátttaka tilkynnist til Bjarna í síma 5684654 eða 6976294.

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 25. október n.k. kl. 20:00 í kaffiteríu ÍSÍ við hlið Íþróttahallarinnar í Laugardal.

II. Erindi, videókvöld og spjall

Þórhallur Hólmgeirsson, sem lært hefur útskurð í Noregi ætlar að koma á fundinn og ræða við okkur um tréskurð fyrir og nú. Ef tíminn leyfir verða sýnd myndbönd um tréskurð. Ef félagsmenn eiga myndbönd um tréskurð eru þeir hvattir til að taka þau með.

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 29. nóvember n.k. kl. 20:00 á sama stað og að ofan.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundina og taka með sér nýja félagsmenn.

Vorsýningin 1999

Vorsýning félagsmanna (5. sýning) var haldin í Safnaðarheimili Háteigskirkju í maí sl. Hún þótti takast vel og var ágætlega sótt. Hannes Flosason, myndskurðarmeistari var heiðursgestur sýningarinnar. Alls sýndu 11 félagsmenn verk sín, Auðun Einarsson, Finnur Kristjánsson, Friðgeir Guðmundsson, Guðmundur Ketill Guðfinnsson, Gunnar R. Gunnarsson, Halldór K. Vilhelmsson, Hannes Finnbogason, Leifur Sigurðsson, Magnús K. Jónsson, Vilhjálmur G. Siggeirsson og Örn Sigurðsson.

Námskeið í Iðnskólanum

Fyrirhugað er að halda námskeið í tréskurði í Iðnskólanum í Reykjavík í haust. Kennslan fer fram á kvöldin og er 6 kennslustundir í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18:00. Kennari er Sveinn Ólafsson, myndskurðarmeistari. Til að námskeiðið verði haldið þarf lágmarksfjölda þátttakenda. Upplýsingar og innritun er í Iðnskólanum. (s. 5526240). Áætlað er að námskeiðið byrji fimmtudaginn 16. september.


Afslættir til félagsmanna FÁT

Húsasmiðjan hf.	10%	Efnagerð Laugarness	15%	Efnissalan	10%
Ingbór Haraldsson hf.	10%	Sögin hf.	10%	Smíðabær hf.	10%
Verslunin Brynja	10%	BYKO	12%		

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32
105 Reykjavík (s. 553 7768 Vilhjálmur Siggeirsson)
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.islandia.is/~treskurd>

Halldór Kr. Vilhelmsson,
Furulundi 10,
210 SMÍÐABÆR



Ritstjórn: Jón Adólf Steinólfsson, Friðgeir Guðmundsson, Stefán H. Erlingsson,
Vilhjálmur Siggeirsson *Umbrot: SamVil ehf*